

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í landi Gegnishólaparts, Gaulverjabæjarhreppi.

Hreppsnefnd Gaulverjabæjarhrepps hefur þann 5. mars 1998 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Gegnishólaparti. Skipulagið var auglýst og lá frammi til sýnis frá 16. október til 13. nóvember 1998. Engar athugasemdir bárust og hefur deiliskipulagið þegar öðlast gildi.

*Gaulverjabæjarhreppi, 29. janúar 1999.*

F. h. hreppsnefndar,  
**Geir Ágústsson** oddviti.

16. febrúar 1999

Nr. 119

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 640 12. september 1983 um viðvörunarmerki almannavarna.

1. gr.

Á eftir 7. gr. bætist við ákvæði til bráðabirgða er orðist svo: Heimilt er Almannavörnum ríkisins að fresta um eins árs skeið að prófa viðvörunarbúnaðinn, frá 1. mars 1999 að telja til 1. mars 2000. Tilkynna skal almenningi, á stöðum þar sem viðvörunarbúnaður er fyrir hendi, að prófanir falli niður á ofangreindu tímabili.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. febrúar 1999.*

F. h. r.  
**Björn Friðfinnsson.**

*Hjalti Zóphóníasson.*

15. febrúar 1999

Nr. 120

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag með Þjóðbraut frá Innnesvegi að svonefndri Skógargötu, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 9. febrúar 1999 var samþykkt án breytinga deiliskipulag með Þjóðbraut frá Innnesvegi að svonefndri Skógargötu á Akranesi, eftir að það hafði verið auglýst samkvæmt 1. og 2. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Lóðum við Þjóðbraut austanverða milli Innnesvegjar og Skógarhverfis er breytt á þann veg að í stað lóða fyrir opinbera þjónustu og iðnað er neðri hluti svæðisins nú skilgreindur sem þjónustustofnanasvæði/verslunar- og þjónustusvæði, en innri hluti svæðisins sem athafnasvæði/verslunar- og þjónustusvæði.

Hægt er að nálgast athugasemdir sem gerðar voru við deiliskipulagið og umsögn skipulagsnefndar Akraness hjá bygginga- og skipulagsfulltrúanum á Akranesi, Stíllholti 16-18, 3. hæð, daglega frá kl. 11.00–12.00.

Deiliskipulag þetta tekur þegar gildi.

*Akranesi, 15. febrúar 1999.*

**Skúli Lýðsson**, bygginga- og skipulagsfulltrúi.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 264/1971  
um raforkuvirki, með áorðnum breytingum.**

1. gr.

### § 330 *Rafgirðingar*

Þessar reglur gilda um varanlegar girðingar, sem eru rafvæddar.

#### a) **Uppsetning rafgirðinga og lega þeirra.**

1. Uppsetningu og rekstri rafgirðinga skal þannig háttað, að hvorki mönnum né dýrum stafi hætta af þeim.
2. Ekki má vera skemmra milli stakra girðinga en 2 metrar, hvort sem um er að ræða rafgirðingar eða ekki. Ef loka þarf bili á milli þeirra, skal það gert með einangrunarefni. Ekki má tengja rafgirðingu við eldri girðingar, svo sem gaddavírs- eða netgirðingar.
3. Þar sem rafgirðingar liggja þvert yfir gönguslóðir, skal vera hlið úr einangrunarefni eða girðingarþrep (tröppur/príla). Þar skulu girðingarstrengirnir merktir með varanlegum viðvörunarskiltum. Rísi ágreiningur um hvað telja skuli gönguslóða, skal vísa honum til hlutaðeigandi sveitarstjórnar til úrskurðar. Þar sem opna þarf rafgirðingu, skulu girðingarhlutar, sem snerta þarf til að opna girðinguna, vera úr einangrunarefni eða einangraðir frá girðingunni.
4. Rafgirðingar skulu auðkenndar með viðvörunarmerkjum. Skulu þau tryggilega fest á efsta streng girðingar eða merkihólkar settir efst á staura hennar. Við vegi og gönguslóða skal bil milli viðvörunarmerkja miðast við, að alls staðar sjáist á milli merkja og bil vera að hámarki 100 metrar, en að öðru leyti má bil milli þeirra vera allt að 500 metrar.

Stærð viðvörunarmerkjanna skal vera 210x105 mm og grunnlitur þeirra gulur. Á báðum hliðum skiltanna skal vera mynd af háspennuör og áletrunin:

„VIÐVÖRUN — RAFGIRÐING“

Áletrun skal vera með svörtum lit, hæð stafa a.m.k. 25 mm og áprentunin óafmáanleg. Ekki á að vera annað skráð á skiltin en fyrirnefnd viðvörun. Grunnlitur girðingarstaura má ekki vera hinn sami og grunnlitur viðvörunarmerkjanna.

5. Þegar rafstrengur (samtengingarstrengur) er lagður þvert undir veg skal leggja hann í einangrunarpípu.
6. Ef nauðsynlegt er, að rafgirðing eða aðtaugar hennar liggi yfir akvegi og notuð er loftlína eða loftstrengur, skal lóðrétt fjarlægð tengilínunnar eða strengsins vera minnst 6 metrar frá yfirborði vegar. Við slíkar aðstæður skal farið eftir ákvæðum 311. gr. b), 312. gr., 315. gr. og 403. gr. reglugerðar þessarar og 33. gr. vegalaga nr. 45/1994.